

Fundargerð háskólaráðs

322. fundur daginn 30. nóvember 2012

stofu 262, Borgum, kl. 10.15-12.10.

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 10.15.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestur fundarins:

Ingveldur Tryggvadóttir skjalastjóri

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

1210029

Fundargerð 321. fundar var samþykkt.

- Rektor sagði frá ferð sinni á Rector's Forum í Winnipeg, sem var fundur þeirra háskóla og stofnana sem eru innan University of The Arctic.
- Norðurslóðamiðstöð fær styrk, 17 mkr. á ári í þrjú ár, úr sjóði ríkisins 20/20. Miðstöðin verður sjálfseignarstofnun með þátttöku margra aðila. Hlutverk hennar verður að örva rannsóknir tengdar norðurslóðum og tengja saman stofnanir sem fást við þær. Yfir norðurslóðamiðstöð verður 3ja manna stjórn til að byrja með. Í henni munu eiga sæti rektor HA, Þorsteinn Gunnarsson og þriðji aðili. Auglýst verður eftir verkefnistjóra.

505
HÉA
D.F.

- Rektor átti fund með rektor háskólans á Bifröst til að ræða möguleika á samstarfi um námsframboð. Frumkvæði að fundinum kom frá menntamálaráðherra.
- HA er aðili að nokkrum IPA-umsóknum. Háskólinn er aðalumsækjandi einnar umsóknar og sótt er um styrk til norðurslóðamála.

2. Rekstraryfirlit janúar-október

1210028

Ólafur dreifði og útskýrði yfirlit. Staða kennsludeilda og stoðþjónustu er 83,24% af áætlun og rekstur skólans í heild er 82,64% af áætlun en viðmiðið er 83,33%. Kostnaður við rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs fer minnkandi í samræmi við aðgerðir sem gripið var til. Á næsta ári verður rekstur sviðsins í jafnvægi. Útlit er fyrir að rekstur kennsludeilda og stoðþjónustu verði hallalaus í lok árs.

Sama gildir um ýmis verkefni og stofnanir og setur með eigin tekjur.

Ólafur sagði frá breytingum á kennslusviði. Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður hættir um áramót. Stefán Jóhannsson verður yfirmaður nemendaskrár og tengiliður HA við RHÍ vegna Uglunnar. Starf alþjóðafulltrúa flyst á markaðs- og kynningarsvið og mun efla það. Áhersla í starfi námsráðgjafar verður að vinna gegn brottafalli nemenda auk hefðbundinna verkefna náms- og starfsráðgjafa. Starf prófstjóra?

Til greina kemur að ráða tímacundið starfsfólk til sérstakra verkefna s.s. innleiðingar Uglunnar.

Rektor þakkaði Ólafi fyrir og fór hann af fundinum.

3. Innleiðing Uglunnar, staða mála

1210006

Rektor kynnti samantekt Steinunnar Aðalbjarnardóttur yfir stöðu mála. Sagði hann að Reiknistofnun HÍ annaði ekki þeim verkefnum sem upp hafa komið við innleiðingu Uglunnar sem að hluta má rekja til þess að fleiri vandamál sýndu sig en búist hafði verið við.

Rektor sagði Steinunni hafa unnið frábært starf við erfiðar aðstæður. Stefán Jóhannsson mun taka við innleiðingu Uglunnar þegar Steinunn hættir störfum við háskólann.

Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna mun áfram leggja fram styrk á móti kostnaði háskólans á næsta ári vegna Uglunnar.

Y.S.
B.S.
H.E.A.

4. Nansensstaðan, staða mála

1205042

Nataliu Loukachevu hefur verið boðin staðan og mun hún að líkindum hefja störf um áramót.

5. U-Map, kynning á verkefninu

1202102

Ingeldur Tryggvadóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Ingeldur er ábyrgðaraðili HA gagnvart U-Map, sem er University Mapping, þ.e. kortlagning háskólakerfisins og framsetning svipmynda af starfsemi þeirra.

Ingeldur rakti upphaf verkefnisins. Norræna ráðherranefndin stendur á bak við verkefnið á Norðurlöndunum og hefur menntamálaráðherra mælst til þess að íslenskir háskólar taki þátt í því.

Safnað er lykiltolum úr starfsemi háskólanna. Notaðar eru tölur Hagstofu Íslands, yfirfarnar af HA, og er ætlunin að uppfæra skráninguna þriðja hvert ár. Starfsemi háskólanna er skipt upp í sex víddir, samtals 29 breytur. Starfsemin er síðan sett fram á myndrænan hátt svo auðvelt er að bera saman starfsemi margra skóla. Markhópar þessara upplýsinga eru margir, t.d. stjórnendur við stefnumótunarvinnu og akademískir starfsmenn til að finna samstarfsaðila. Skilgreina þarf betur hverjir markhópar gætu verið.

Háskólaráð ákvað að HA skyldi vera þátttakandi á nýrri heimasíðu U-Map verkefnisins sem væntanleg er. Það þýðir m.a. að svipmynd HA verður opinber þar.

Háskólaráð þakkaði Ingeldi fyrir og fór hún af fundinum.

6. Drög að umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA

1211055

Rektor kynnti frumdrög að reglum um doktorsnám og doktorspróf við HA, dags. 13.

nóv. 2012. Gert er ráð fyrir að fyrst verði boðið upp á doktorsnám á heilbrigðisvínsindasviði og viðskipta- og raunvínsindasviði. Reglurnar munu fara til umfjöllunar á fræðasviðunum.

Rektor hvatti fundarmenn til að kynna sér regludrögin vel.

Þau munu koma aftur til afgreiðslu í háskólaráði.

SS
HEA SS

7. Skýrsla um Skotlandsferð fimm starfsmanna við HA, lögð fram til kynningar
"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá heimsókn starfsmannanna til University of The Highlands and Islands – UHI. Gerði hann grein fyrir skipulagi UHI í stórum dráttum. Ýmsir fletir eru á samstarfi milli HA og UHI og verður málínu fylgt áfram. Fram kom hjá fundarmönnum að þeim þótti skýrslan mjög fróðleg.


8. Önnur mál

1203079 Birna María lagði til að breyting yrði gerð á reglum um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs nr. 416/2012. Háskólaráð samþykkti það. Breytingin er að fimmti málstíður annarrar málsgreinar 6. gr. verður: „Til að auka gæði kennslu á hug- og félagsvísindasviði hefur miðstöð skólaþróunar með höndum fræðslu til kennara sviðsins, styður við rannsóknarstarf þeirra eftir því sem aðstæður leyfa og annast önnur þau verkefni er henni eru falin af fræðasviðinu.“

Rektor gat þess að aðalfundur Eyþings sem haldinn var nýlega samþykkti ályktanir til stuðnings Háskólanum á Akureyri.

Ákveðið var að halda næsta fund, sem er síðasti fundur núverandi háskólaráðs, 17. des. kl. 12.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10.


Birna María
Hafdis Erna Ásbjarnardóttir
G.R.S.